

Tillaga til hafnarstjórnar um breytingar á gjaldskrá

Með vísan til breytingar á dagvinnuskipulagi starfsmanna og þörf fyrir skýrari skilgreiningum á útseldri vinnu við störf hafnarvarða sem krefjast sérstakra réttinda, s.s. vigtunar, endurvigtunar og öryggisgæslu eru lagðar til eftirfarandi breytingar á núgildandi gjaldskrá Hafnarfjarðarhafnar. Þessar breytingar taki gildi frá og með 1. júní n.k.

Þjónustugjöld:

Vinnutími hafnarstarfsmanna og útköll utan dagvinnutíma

Dagvinna hafnarstarfsmanna er frá kl. 07:30 til 16:00 alla virka daga ársins. Tímavinna og útköll greiðist þegar þeirrar vinnu er óskað. Tímagjald fyrir almenn störf hafnarstarfsmanns er kr. 4.172 – á klst. í dagvinnu og kr. 6.211- á klst fyrir yfirvinnutíma. Tímagjald fyrir sértæk störf s.s. endurvigtun, vaktþjónustu og öryggisgæslu er kr. 5.840 á klst. í dagvinnu og kr. 8.695 fyrir yfirvinnutíma. Útköll reiknast minnst 4 klst og ef fleiri en einn viðskiptavinur nýtur þjónustu í sama útkalli skiptist kostnaðurinn milli aðila í hlutfalli við veitta þjónustu.

Siglingavernd:

Fyrir umbeðna vaktþjónustu og öryggisgæslu við skip skal greiða kr. 5.840 – á klst. í dagvinnu og kr. 8.695– á klst. fyrir yfirvinnutíma, eða samkvæmt reikningi frá utanaðakomandi þjónustufyrirtæki, með 15% álagi.

Vatn og rafmagn:

Tengigjald rafmagns kr. 4.172 – á dagvinnutíma og kr. 6.211 – utan dagvinnutíma. Útköll reiknast minnst 4. klst.